

# VIÐ ERUM ÖLL Í FERÐAÞJÓNUSTU

Ferðaþjónustuúttekt Greiningardeildar  
Arion banka

29. september 2015



# EFNISYFIRLIT

---

- Staða og þróun í ferðapjónustu (bls. 3)
  - Þjóðhagslegt samhengi ferðapjónustu (bls. 11)
  - Neysla ferðamanna (bls. 19)
  - Fyrirtæki í ferðapjónustu (bls. 28)
  - Alþjóðlegur samanburður (bls. 34)
- Barnið vex... (bls. 39)
  - Ferðamannaspá Greiningardeildar (bls. 40)
  - Er þolmörkum náð? (bls. 48)
    - Keflavíkurflugvöllur (bls. 50)
    - Hlutverk hins opinbera (bls. 53)
    - Vinnumarkaðurinn (bls. 59)
    - Hótelmarkaðurinn (bls. 66)
      - Framboð og nýting utan höfuðborgarsvæðisins (bls. 75)



# STAÐA OG ÞRÓUN Í FERÐAÞJÓNUSTU

Mikil og hröð fjölgun ferðamanna

 Arion banki


# SAGAN SEM ALLIR ÞEKKJA – FJÖLGUNIN ER MIKIL OG HRÖÐ

## ÁRIÐ 2015 METÁR


Fjölgun ferðamanna hefur haldið áfram að koma flestum ef ekki öllum á óvart í ár. Útlit er fyrir að rúmlega 1,2 milljónir erlendra ferðamanna komi til landsins í gegnum Keflavíkurlugvöll í ár, en um 97% erlendra ferðamanna fara þar í gegn. Hlutfallslega og í fjölda hefur fjölgunin aldrei verið meiri en á síðustu árum og hefur vöxturinn þó verið gríðarlega ör síðustu ár.

Ferðamönnum hefur fjölgað milli ára á öllum árstíðum og mánuðum undanfarin ár. Mesta fjölgunin hefur verið í kringum sumarmánuðina, en þó hlutfallslega meiri utan helsta ferðamannatímans - á fyrsta og fjórða ársfjórðungi.

Fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð



Fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð - eftir ársfjórðungum





# HLUTFALLSLEG FJÖLGUN FERÐAMANNA HEFUR LENGI VERIÐ MIKIL

EN GEFIÐ TALSVERT Í SÍÐUSTU ÁR – OG ÞÁ FRÁ MUN STÆRRI GRUNNI

Erlendum ferðamönnum á Íslandi hefur fjölgað nær samfelld frá miðri síðustu öld. Þá komu ríflega 5 þúsund erlendir ferðamann til landsins og fjölgaði þeim áfram næstu áratugi, þó eilítið hafi hægst á undir lok 8. áratugarins og í byrjun þess níunda.

Frá 1949 til dagsins í dag hefur ferðamönnum fjölgað að jafnaði um tæplega 9% árlega. Þó hafa sveiflur lengi vel einkennt komur erlendra ferðamanna til landsins.



# EINNIG TALSVERÐ FJÖLGUN Í KOMUM SKEMMTIFERÐASKIPA


EN GEFIÐ ÞÓ NOKKUÐ Í SÍÐUSTU ÁR – OG ÞÁ FRÁ MUN STÆRRI GRUNNI

Komum skemmtiferðaskipa hefur einnig fjölgað á síðustu árum. Í ár er gert ráð fyrir 103 skipakomum til Reykjavíkur, samanborið við 91 í fyrra. Fyrr í ár bárust fréttir af því að skipakomur fyrir landið í heild sinni yrðu 360.

Skipin sem hafa komið síðustu ár flytja að jafnaði fleiri farþega en fyrir 10 árum síðan. Árið 2005 voru 711 farþegar á hverju skipi að meðaltali en 1150 í fyrra.

Nærri því 80% farþega skemmtiferðaskipa í fyrra komu frá Bandaríkjunum Bretlandi og Þýskalandi.

Skemmtiferðaskip og þjóðerni farþega hjá Faxaflóahöfnum




# FJÖLGUN GISTINÁTTA SVIPUÐ OG FJÖLGUN FERÐAMANNA

ER ÞAÐ VÍSBENDING UM AÐ ÓSKRÁÐ GISTING HAFI EKKI AUKIST MEIRA EN ÖNNUR GISTING?


Fjöldun erlendra ferðamanna og fjöldun gistinátta hafa haldist vel í hendur síðastliðin áratug. Gistinætur á erlendan ferðamann hafa sveiflast á bilinu 4,1 til 4,7. Frá 2010 til 2014 fjölgaði erlendum ferðamönnum um 110% en gistinóttum útlendinga um 105%.

Tölur um gistinætur hafa komið inn með mikilli töf undanfarið. Til dæmis hefur gistinóttum árið 2013 skv. Hagstofunni fjölgað um nærri því 200 þ. frá frá kynningu okkar í fyrra. Með hliðsjón af því og að dvalartími ferðamanna skv. Ferðamálastofu hefur haldist mjög stöðugur í gegnum tíðina, þá virðist sem óskráð gisting hafi ekki aukist jafnmikið og ætla mætti miðað við almenna umræðu.

Fjöldi gistinátta útlendinga á öllum tegundum gistaða



Erlendir ferðamenn og gistinætur útlendinga





# ÁRSTÍÐASVEIFLAN MINNKAR LÍTILLEGA

## ER ÞÓ ENN HELDUR MIKIL Í ALÞJÓÐLEGUM SAMANBURÐI

Hægt gengur að minnka árstíðasveiflu í komum ferðamanna til Íslands og hefur hlutfallsleg fjölgun ferðamanna í sumar verið langt umfram væntingar.

Samt sem áður hefur árstíðasveiflan minnkað jafnt og þétt síðastliðin ár en þó e.t.v. hægar en ferðapjónustaöilar hafa vonast til. Þó má sjá að ferðapjónustan á ekki mjög langt í land með að ná svipaðri árstíðasveiflu og ferðapjónusta í ESB, en er þó talsvert frá heimsmeðaltalinu.

Enn minni árstíðasveifla er ærið verkefni fyrir ferðapjónustuna svo að fjármagn, tæki og vinnuafli nýtist betur yfir allt árið.







# FERÐAMÖNNUM ER ENN AÐ FJÖLGA MEST Á SUMRIN

## FJÖLGUNIN Á VETRARMÁNUÐUM HELMINGUR AF FJÖLGUN SUMARMÁNAÐA 2011-2015

Fjöldun erlendra ferðamanna hefur verið langmest á sumrin þegar lítið er til fjölda einstaklinga en ekki hlutfalls. Ferðamönnum hefur aldrei fjölgað jafn mikið og í sumar, nokkuð sem fáir ef einhverjir bjuggust við. Enda hefur álagið á Keflavíkurlugvelli, ferðamannastöðum og gististöðum verið mikið.

Frá 2012-14 fjölgaði erlendum ferðamönnum yfir sumartímann um 37-63 þúsund ár hvert. Í sumar nam fjöldunin 99 þúsund.

Fjöldun ferðamanna í vor og vetur var þó meiri en nokkru sinni fyrr á þeim árstíðum, eða 46 þ. milli ára í desember til febrúar og 54 þ. í mars til maí.



# FJÖLBREYTTUR HÓPUR FERÐAMANNA SÆKIR LANDIÐ HEIM


## BRETAR OG BANDARÍKJAMENN FJÖLMENNASTIR OG FJÖLGAR MEST

Á árinu hingað til hefur ferðmönnum af öllum þjóðernum, nema Norðmönnum og Rússum, fjölgað frá 2014.

Bandaríkjamönnum hefur fjölgað langmest eða um nærri því 60 þ. (+53%) en næst koma Bretar, en þeim hefur fjölgað um 33 þ. (+28%) og eru orðnir langfjölmennastir utan háannatíma.

Athyglisvert er að gengi rússnesku rúblunnar annars vegar og norsku krónunnar hins vegar hefur fallið talsvert gagnvart krónunni á meðan bandaríkjadalurinn hefur styrkst. Líklegt er að þær gengisbreytingar hafi haft áhrif á komur ferðamanna frá þessum löndum.

Ferðamenn eftir þjóðernum





# ÞJÓÐHAGSLEGT SAMHENGI FERÐAÞJÓNUSTU

Sívaðandi mikilvægi fyrir þjóðarbúið

 Arion banki


# FERÐAÞJÓNUSTAN – STÆRSTA ÚTFLUTNINGSGREININ

UM 300 MILLJARÐAR Í GJALDEYRISTEKJUR AF FERÐAMÖNNUM HÉRLENDIS OG ERLENDIS Á SÍÐASTA ÁRI


Hlutfur ferðaþjónustu í útflutningi heldur áfram að vaxa og var í fyrra rúmlega 28% samanborið við 23% hlut sjávarútvegs. Vöxtur ferðaþjónustu í þjónustuútflutningi hefur ekki verið jafnhraður og fjölgun ferðamanna á undanförunum árum, sem er skiljanlegt í ljósi þess að í þeim tölum eru m.a. tekjur íslenskra flugfélaga erlendis og af ferðamönnum sem einungis millilenda á Íslandi.

Þjónustuútflutningur hefur vaxið tvöfalt meira en vöruútflutningur frá aldamótum og þrefalt meira en hagkerfið (VLF). Þessi vöxtur, sérstaklega síðustu ár, hefur verið að mjög miklu leyti dreginn áfram af ferðaþjónustu. Aukið framlag ferðaþjónustunnar til þjóðarbúsins birtist einna skýrast hér.

Hlutdeild í útflutningi vöru og þjónustu




Hlutfall vöru- og þjónustuútflutnings af landsframleiðslu



Landsframleiðsla og útflutningur

- vísitala = 100 árið 2000



# FERÐAÞJÓNUSTAN LEGGUR TALSVERT TIL LANDSFRAMLEIÐSLUNNAR


## HVERSU MIKIÐ ER ÓVÍST – HÉR SKORTIR NÁNARI RANNSÓKNIR

Erfitt er að meta framlag ferðaþjónustu til landsframleiðslu og er skortur á rannsóknum þar um. Nýlega voru birtar niðurstöður sem byggðar eru á TSA reikningum Hagstofunnar, en þær byggjast að talsverðu leyti á mati en ekki hreinum gögnum, auk þess sem hún telur t.d. ekki með tekjur íslenskra flugfélaga erlendis.

Þá er algengt að í grein sem er í miklum vexti sé talsvert gjaldfært en ekki eignfært, sem skekkir framlag greina til landsframleiðslu. Aukinheldur er ferðaþjónustan margslungin atvinnugrein og ekki beint skilgreind í þjóðhagsreikningum.

Framlag ferðaþjónustu til landsframleiðslu birtist að mestu í þjónustuútflutningi. Ljóst er að umfangið er mikið í þjóðarbúskapnum, þó óvíst sé nákvæmlega hversu mikið.

Hlutdeild ferðaþjónustu í landsframleiðslu



# ÞJÓNUSTAUFANGURINN ER DRIFINN ÁFRAM AF FERÐAÞJÓNUSTU


MUNUM LÍKLEGA SJÁ METAFANG Á ÞESSU ÁRI

Þjónustuafgangur og útflutningur hafa aldrei verið meiri á 2. ársfjórðungi en í ár. Á fyrri helmingi ársins höfum við flutt út þjónustu fyrir 248 ma. kr. sem er 17% aukning frá því í fyrra. Þjónustujöfnuðurinn hefur fylgt fjölda ferðamanna og tekjum af þeim að mjög miklu leyti.

Á föstu gengi hafa útflutningstekjur ferðaþjónustu vaxið um 147% - á sama tíma hefur ferðamönnum fjölgað um 166%. Hér telst með starfsemi íslenskra flugfélaga sem snýr ekki beint að gestum á Íslandi. Sé horft á ferðaþjónustutekjur á ferðamann hafa þær vaxið nokkuð á föstu gengi, en sökum gengisstyrkingar drógust tekjurnar saman 2012-2014.


Þjónustuviðskipti við útlönd eftir ársfjórðungum

- fast gengi, milljónir króna



Ferðaþjónusta í þjónustuútflutningi

- fast gengi



# FERÐAÞJÓNUSTAN STYÐUR VIÐ KRÓNUNA OG SÖFNUN GJALDEYRISFORÐA



## SÖFNUN GJALDEYRISFORÐA AUÐVELDAR AFNÁM HAFTA

Frá ársbyrjun 2014 hefur Seðlabankinn keypt töluvert af gjaldeyri til að safna í forða.

Gjaldeyriskaupin hafa aukist með auknum afgangi af þjónustuviðskiptum.

Á sama tíma og Seðlabankinn hefur safnað miklum forða hefur gengi krónunnar styrkst, sem gefur vísbendingar um mikinn styrkingarþrýsting um þessar mundir.

Gengi krónunnar skiptir miklu máli fyrir ferðaþjónustuna og hversu miklu ferðamenn eru tilbúnir að verja í ferðalagið.





# FERÐAÞJÓNUSTAN HEFUR GEGNT LYKILHLUTVERKI Í BARÁTTUNNI GEGN ATVINNULEYSI

ATVINNULEYSI Á ÍSLANDI ER NÚ MEÐ ÞVÍ MINNSTA SEM GERIST Í HEIMINUM

Erlendir ferðamenn hafa haft mikil áhrif á vinnumarkaðinn síðastliðin ár. Fjöldi starfa tapaðist í kjölfar efnahagshrunsins, en störfingarnir hafa að mestu leyti unnist aftur með hinum mikla vexti ferðaþjónustunnar.

Ferðaþjónusta er tiltölulega vinnuafsfrek grein og með mikilli fjölgun ferðamanna mun þurfa aukið vinnuafn.

Atvinnuleysi er orðið mjög lítið nú þegar og útlit er fyrir að flytja þurfi inn erlent vinnuafn í auknum mæli á næstu árum.







# FERÐAÞJÓNUSTAN STENDUR UNDIR FJÖLDA STARFA

TVÖFALT MEIRI FJÖLGUN Í GREINUM TENGÐUM FERÐAÞJÓNUSTU EN Í ÖLLUM ÖÐRUM SAMANLAGT

Samkvæmt Alþjóða ferðamálaráðinu (WTTC) stendur ferðaþjónustan undir nærri því fjórðungi starfa á Íslandi. Störfum hefur fjölgað í heildina á síðustu árum og hefur fjöldi þeirra sem starfa beint við ferðaþjónustu fjölgað um 66% frá 2004-2014 skv. WTTC. Gróft mat Greiningardeildar Arion banka er að um 16% starfa árið 2015 megi rekja beint og óbeint til ferðaþjónustu.

Fjöldi vinnustunda hefur aukist mest í greinum tengdum ferðaþjónustu síðustu ár og tvöfalt meira en í öðrum atvinnugreinum samtals. Þetta undirstrikar aukið vægi í þjóðarþáttum og sýnir að ferðaþjónustan hefur átt stærstan þátt í minnkun atvinnuleysis.




# TEKJUR AF FERÐAMÖNNUM BIRTAST M.A. Í KORTAVELTU

„KORTAVELTUJÖFNUÐUR“ ER ORÐINN VERULEGA JÁKVÆÐUR

Ein skýrasta birtingarmynd áhrifa ferðamannstraumsins á utanríkisviðskipti birtist í kortaveltu: annars vegar Íslendinga erlendis og hins vegar útlendinga hér á landi.

Fyrir kreppu var kortavelta Íslendinga erlendis mun meiri en útlendinga hér á landi. Síðan þá hefur dæmið snúist við, jafnvel þó að Íslendingar hafi aukið verulega við kortaveltu sína erlendis síðustu misseri. Til marks um það var kortaveltu-jöfnuður fyrstu átta mánuði ársins, 45 ma. kr., tvöfalt meiri en allt árið í fyrra.





# NEYSLA FERÐAMANNA

Gengið og verðbólga hafa áhrif

 Arion banki

# DVALARTÍMI OG UPPRUNI FERÐAMANNA MISJAFN EFTIR ÁRSTÍÐUM


## FÓLK DVELUR TALSVERT LENGUR Á SUMRIN

Síðastliðin ár hafa gistinæstur á hvern ferðamann haldist mjög stöðugar milli ára. Árstíðasveiflan er þó talsverð og eru gistinætur ferðamanna um þrjár nætur að jafnaði yfir háveturinn, en í kringum sex nætur á sumrin. Undir þetta fellur ekki óskráð gisting. Svör ferðamanna um dvalartíma í könnunum


Ferðamálastofu hafa heldur ekki breyst mikið en þar segjast ferðamenn dvelja sex nætur á veturna og tíu á sumrin.

Hvaða ferðamenn sækja hingað er einnig mjög mismunandi eftir árstíðum. T.d. sækja Bretar óvenju mikið til landsins á veturna, en fólk frá meginlandi Evrópu á sumrin.

Gistinætur á hvern ferðamann



Skipting ferðamanna eftir heimshlutum og árstíðum



# MEÐALEYÐSLA Á FERÐAMANN ER SVIPUÐ ALLAN ÁRSINS HRING



## KORTAVELTA Á GISTINÓTT ER ÞÓ TALSVERT MEIRI UTAN HÁANNAR

Kortavelta á hvern ferðamann á sumrin er svipuð kortaveltu alla hina mánuðina.

Það er athyglisvert þar sem gistinætur yfir sumartímamann eru að meðaltali fleiri heldur en yfir aðra mánuði ársins.

Svo virðist því sem ferðamenn eyði nokkuð meiru á degi hverjum utan sumartímans, jafnvel þótt almennt sé verð á gistingu t.d. nokkuð lægra á þeim tíma.

Á fyrstu 8 mánuðum ársins var meðalkortavelta á ferðamann meiri en í fyrra.





# KORTAVELTA ER MISMIKIL EFTIR ÞJÓÐERNUM

## SVISSENDINGAR, NORÐMENN OG RÚSSAR STRAUJA KORTIN MEST

Kortavelta eftir þjóðernum er afar mismunandi og hefur breyst nokkuð milli ára. Ýmislegt hefur hér áhrif, t.d. ferðavenjur, útbreiðsla greiðslukorta og gengisbreytingar. Velta Svisslendinga er mest en Rússar koma þar á eftir. Minnst er velta Pólverja, en sú tala gefur líklega mjög skakka mynd vegna þess að Pólverjar eru fjölmennasta þjóðerni utan Íslendinga sem býr hér á landi en þeir teljast samt sem erlendir ferðamenn í tölum Ferðamálastofu þegar þeir ferðast erlendis.

Mest er kortavelta ferðamanna í ýmissi ferðarþjónustu, en undir það falla t.d. skipulagðar ferðir og þjónusta ferðaskrifstofa. Þar á eftir koma gisting og verslun.




# FÓLK GREIÐIR EINNIG ERLENDIS OG MEÐ REIÐUFÉ

GEFUR AÐRA MYND EN KORTAVELTAN OG SÝNIR MISMUNANDI DVALARTÍMA

Tekjur af ferðamönnum fyrir utan flug, eða liðurinn *ferðalög* í þjónustuútflutningi, gefa skýrari mynd af neyslumynstri þeirra en kortavelta sökum þess að ferðamenn greiða oft til ferðaskrifstofa erlendis auk þess að nota reiðufé.

Hér birtist t.a.m. skýrt hversu mislangur dvalartími ferðamanna er eftir þjóðernum. Norðmenn neyta mest á hverja gistinótt. Bretar og Þjóðverjar neyta aftur á móti minnst og aðeins eitt þjóðerni sem til eru gögn um neytir minna – Grikkir. Sé ætlunin að auka framleiðni og virðisauka í ferðarþjónustu gætu nánari upplýsingar um neyslumynstur ferðamanna reynst gulls ígildi.

Ferðalög í þjónustuútflutningi eftir þjóðernum 2014





# KORTAVELTA Á MANN DREGST SAMAN Í KRÓNUM – EKKI Í EVRUM

## HVERSU MIKLU MÁLI SKIPTIR GENGIÐ?

Kortavelta í krónum á föstu verðlagi hefur dregist saman síðustu ár, sem er skiljanlegt í ljósi þess að gengi krónunnar hefur styrkst. Sé horft á kortaveltu í evrum á hvern ferðamann sést að hún hefur staðið nokkuð í stað þrátt fyrir áherslu margra ferðapjónustuaðila á að fá til sín „betur borgandi“ ferðamenn.

Margir þættir hafa hér án efa áhrif. Þó er mjög líklegt að einfaldasta skýringin hafi mest að segja: Verð á Íslandi mælt í erlendum gjaldmiðlum. Þar sem verðbólga hefur verið meiri hér en víða annars staðar og krónan styrkst hefur raungengið styrkst. Þannig verður Ísland dýrara mælt í öðrum gjaldmiðlum.





# GENGI OG VERÐLAG (RAUNGENGI) HEFUR TALSVERT UM NEYSLU FERÐAMANNA AÐ SEGJA


## GENGI OG VERÐLAG SKIPTA MÁLI

Áhrif sterkara raungengis má sjá enn skýrar í kortaveltu eftir mánuðum. Þó virðist sem tengslin hafi aðeins rofnað síðustu mánuði en hafa ber í huga að vægi Bandaríkjamanna, sem búa við sterkari dollar, hefur aukist til muna í erlendri kortaveltu.

Sterkara raungengi þýðir að vörur og þjónusta hér séu hlutfallslega dýrari en annars staðar, enda er raungengi iðulega notað sem mælikvarði á samkeppnishæfni landa.


Ef krónan styrkist eða hér kemur verðbóluskot er mjög líklegt að ferðamenn kaupi minna af vörum og þjónustu hér á landi. Hafa skal þó í huga að ýmsir aðrir þættir hafa áhrif á neyslu ferðamanna hér á landi.

Meðalkortavelta á erlendan ferðamann  
- á föstu verðlagi. 1/Raungengi: Vísitala (jan 2008=100)




Kortavelta og raungengi

- ársbreyting 6 mánaða hlaupandi meðaltala



Kortavelta Bandaríkjamanna og gengi USD

- ársbreyting síðan í janúar 2014



# TSA REIKNINGARNIR BENDA EINNIG TIL MINNKANDI NEYSLU HVERS FERÐAMANNS


## NEYSLA FERÐAMANNA MINNKÆÐI Í TAKT VIÐ STERKARA RAUNGENGI TIL ÁRSINS 2013

Meðalneysla hvers ferðamanns sem kom til landsins árið 2013 var um 205 þ. krónur, sem er nærri því 20 þ.kr. (-9%) lækkun frá 2009.

Um 2/3 útgjalda ferðamanna fara í samgöngur, gistingu og aðra verslun og þjónustu. Mest hafa útgjöld til farþegaflutninga og annarrar verslunar og þjónustu dregist saman. Líklegt er að hagstæðari flugfargjöld og stærri hlutdeild erlendra flugfélaga skýri samdráttinn í farþegaflutningum að einhverju leyti. Aftur á móti hafa útgjöld til ferðaskrifstofa auk afþreyingar og tómstundastarfsemi vaxið nokkuð.

Neysla erlendra ferðamanna skv. TSA reikningum

-á hvern ferðamann á verðlagi 2013






# GISTINÆTUR Á MANN MISMUNANDI EFTIR LANDSHLUTUM

## EINNIG EFTIR UPPRUNA FERÐAMANNA

Ef fjölda gistinguátta eftir mánuðum árið 2014 er deilt niður á fjölda ferðamanna í sama mánuði má sjá að mjög mismunandi er hvert ferðamenn sækja eftir því hvaðan þeir koma. Einnig gefa þær tölur til kynna mislangan dvalartíma eftir þjóðernum og mánuðum.

Gistinguætur á höfuðborgarsvæðinu voru nokkuð stöðugar yfir allt árið, en þó gistu ferðamenn síður þar yfir sumarmánuðina, fyrir utan Breta. Annars staðar er árstíðasveiflan mjög mikil. Athyglisvert er að sjá að ferðamenn frá meginlandi Evrópu sækja helst út á land, en Asíubúar, N-Ameríkubúar og Norðurlandabúar sækja þangað síst.





## FYRIRTÆKI Í FERÐAÞJÓNUSTU

Nær öll íslensk fyrirtæki?




# FERÐAÞJÓNUSTUFYRIRTÆKJUM HEFUR FJÖLGAÐ MIKIÐ

## MUN MEIRA EN Í ÖÐRUM ATVINNUGREINUM


Skráðum fyrirtækjum tengdum ferðaþjónustu á einn eða annan hátt hefur fjölgað gríðarlega mikið á síðustu árum. Í flokkum tengdum greininni hefur fjölgunin yfirleitt verið vel umfram almenna 16% fjölgun fyrirtækja frá 2008.

Mest hefur ferðaskrifstofum og – skipuleggjendum fjölgað eða um nærri 500. Þessi gríðarlega fjölgun gæti að miklu leyti skýrst af því að þarna falla undir lítil fyrirtæki og einyrkjar. Hlutfallslega er þó mesta fjölgunin í annarri smásölu, en undir þann fyrirtækjaflokk falla svokallaðar „lundabúðir“.

Fjölgun fyrirtækja 2008-2014



Nýskráningar umfram gjaldþrot





# VIRÐISAUKASKATTSKYLD VELTA Í GREINUM TENGDUM FERÐAÞJÓNUSTU

HEFUR GEFIÐ TALSVERT Í SÍÐUSTU ÁR – OG ÞÁ FRÁ MUN STÆRRI GRUNNI

Virðisaukaskattskyld velta hefur aukist mjög í takt við fjölgun ferðamanna. Mesta aukningin hefur verið hjá bílaleigum þar sem veltan hefur aukist meira en sem nemur fjölgun ferðamanna. Athuga skal að þessi mælikvarði er nokkuð ónákvæmur á umfang ferðaþjónustu - t.d. eru ferðaskrifstofur og ferðaskipuleggjendur undanþegnir VSK.

Sjá má að sveiflur í virðisaukaskattveldu eru miklar yfir árið, líkt og fjöldi ferðamanna. Sveiflurnar eru þó mismiklar og hafa verið mestar hjá bílaleigum og minnstar í flugi og veitingum.




# FRAMLEIÐSLUVIRÐI (TEKJUR) Á VINNUSTUND Í MISMUNANDI ÁTTIR

## ER ÞAÐ VÍSBENDING UM LITLA AUKNINGU FRAMLEIÐNI?

Með mikill fjölgun starfa í ferðaþjónustu hafa tekjur aukist til muna. En af sömu sökum og erfitt er að fullyrða um hlutdeild ferðaþjónustu í landsframleiðslu, er erfitt að fullyrða um framleiðni vinnuafls.

Ekki eru til gögn eftir árið 2013, en frá 2008-2013 virðist ekki hafa orðið mælanleg framleiðniaukning í ferðaþjónustu í heild sinni.

Athyglisvert verður að sjá hvernig þetta hefur breyst að undanfögnu og óskandi að framleiðni í ferðaþjónustu hafi í raun verið að aukast undanfarin ár.




# HEFUR ICELANDAIR AUKIÐ FRAMLÆIÐNI VINNUAFLS?


## ERFITT AÐ SEGJA TIL UM ÞAÐ – ÓLJÓSAM VÍSBENDINGAR

Stærsta ferðaþjónustufyrirtækið er skráð á Kauphöll Íslands og gefur því upp ítarlegar upplýsingar um rekstur sinn. Skv. ársreikningum Icelandair síðustu ár hefur fyrirtækið stóraukið tekjur og afkomu síðustu ár.

Þó lítur út fyrir að hagræðisaukning félagsins varðandi vinnuafli hafi verið nokkuð takmörkuð. Farþegar á hvern starfsmann hafa aukist um 13% á árunum 2010-2014, en aftur á móti hefur gistinóttum á starfsmann fækkað. Fyrir því síðarnefnda kann að vera sú skýring að það er nokkuð takmarkað hversu mikið er hægt að hagræða í hótélgeiranum. Einnig hefur fyrirtækið verið að vaxa hratt svo mögulega er um vaxtarverki að ræða.



— Icelandair + IGS starfsmenn (FTE) - v. ás  
 — Farþegar/starfsmann - v.ás  
 — Tekjur/starfsmann (m.kr) - h. ás



■ Tekjur/starfsmann (m. ISK) - v. ás  
 ■ Tekjur/gistinótt (p.ISK) - v. ás  
 — Starfsmenn - h. ás  
 — Gistinætur á starfsmann - h. ás




# UPPBYGGING FYRIRTÆKJA Í FERÐAÞJÓNUSTU ER MJÖG FJÖLBREYTT


LÍTILL REKSTRARHAGNAÐUR ÁRIÐ 2011 EN FORVITNILEGT VERÐUR AÐ SJÁ HVERNIG HANN HEFUR ÞRÓAST

Rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu er mjög fjölbreyttur. Einnig er stærð og uppbygging fyrirtækja innan hvers flokks mjög ólík. Þar af leiðandi er mjög erfitt að festa hönd á hvernig rekstur fyrirtækja í ferðaþjónustu hefur þróast.

Athygli vekur hve lítill rekstrarafgangur var af rekstri fyrirtækja í ferðaþjónustu árið 2011. Forvitnilegt verður að sjá hvort það hafi batnað síðan þá, þegar ferðamannastraumurinn jókst af krafti, og hver þróunin verður í framtíðinni.

Rekstur fyrirtækja tengdum ferðaþjónustu 2011  
- hlutfall af tekjum





# ALÞJÓÐLEGUR SAMANBURÐUR

Lítið ferðamannaland  
Í stóra samhenginu



 Arion banki

# KAKAN ER RISASTÓR – OG FER STÆKKANDI

## EINN AF HVERJUM 1.000 FERÐAMÖNNUM FERÐAST TIL ÍSLANDS

Ferðamönnum fjölga sífellt í heiminum og skv. WTTC stækkar umfang ferðaþjónustu hraðar en hagkerfi heimsins. UNWTO spáir því að ferðamönnum í heiminum fjölgi um 5% árlega til 2020, þegar ferðamenn í heiminum verða orðnir 1,6 milljarður.

Fjöldun ferðamanna helst í hendur við hvar efnahagsuppgangur er mestur. Þar sem hagvöxtur hefur verið mestur síðastliðinn áratug hefur brottförum ferðamanna fjölgað mest, t.d. í sunnan- og austanverðri Asíu. AGS spáir því að hagvöxtur verði mestur í nýmarkaðsríkjum Asíu út áratuginn.




# MIKILL FJÖLDI FERÐAMANNA HÉR Í HLUTFALLI VIÐ ÍBÚA

## MEÐ ÞVÍ MESTA SEM GERIST Í HEIMINUM

Ferðamenn hér á landi eru mjög margir per íbúa og lítur út fyrir að þeir verði nálægt því fjórfalt fleiri en íbúar í ár, sem er það næstmesta sem gerist á Vesturlöndum. Litlar eyjar í hlýju loftslagi eru mjög áberandi í þessum hópi.

Ísland er síður en svo eina landið í heiminum þar sem ferðamönnum fjölgar hratt, þó fjölgunin um þessar mundir sé óvenju hröð. Í hlutfalli við íbúa fjölgaði ferðamönnum um 34% á Maldíveyjum og um fjórðung í Króatía á árunum 2010 til 2013.

Lítill tengsl virðast vera milli landsframleiðslu á mann og fjölda ferðamanna. Þó virðist vera sem allra fátækustu lönd heimsins eigi erfiðara með að laða til sín ferðamenn, sem kemur ekki á óvart í ljósi þess að innviðir þar eru mun veikari.





# GETUR ÍSLAND TEKIÐ Á MÓTI FLEIRI FERÐAMÖNNUM?

## MIÐAÐ VIÐ STÆRÐ LANDSINS - JÁ

Sé horft á ferðamenn á ferkílómetra meðal þeirra landa sem fá flesta ferðamenn á íbúa sést að Ísland er langt á eftir öðrum. Enda er Ísland afar strjálbýlt land.

Nota má ferðamenn á ferkílómetra af ræktanlegu landi til að leiðrétta fyrir því og þeirri staðreynd að stór hluti landsins er nær óbyggilegur. Þó svo að einungis rúmlega 1% landsvæðis á Íslandi sé ræktanlegt eru ferðamenn ekki hlutfallslega margir hér á landi í samanburði við ýmis vinsæl ferðamannalönd.




# SAMKEPPNISHÆFNI ÍSLANDS SEM FERÐAMANNASTAÐAR

ÍSLAND STENDUR VEL EN HEFUR VERIÐ AÐ SÍGA NIÐUR Á VIÐ SÍÐUSTU ÁR

Alþjóðafnahagsráðið (WEF) gefur reglulega út skýrslu um samkeppnishæfni landa í ferðaþjónustu. Ísland hefur staðið framfarlega síðustu ár en sigið örlítið aftur úr frá 2011 en er nú í 18. sæti.

Ekki skal lesa of mikið í þessa uppröðun, þar sem undirliðir vísitölunnar eru að mati greiningardeildar nokkuð á skjön við raunverulega stöðu. Þó er athyglisvert, og eitthvað sem þarf að taka alvarlega, að Ísland sé að lækka á þessum lista í alþjóðlegum samanburði.





BARNIÐ VEX...

 Arion banki



## FERÐAMANNASPÁ GREININGARDEILDAR

---





# SPÁUM 1,5 MILLJÓN FERÐAMANNA Á NÆSTA ÁRI


OG TÆPLEGA 2 MILLJÓNUM FERÐAMANNA ÁRIÐ 2018

Að því gefnu að innviðir ferðaþjónustunnar nái að halda í við eftirspurn erlendra ferðamanna gerum við ráð fyrir að ferðamönnum haldi áfram að fjölga verulega á næstu árum – þó ekki með sama hlutfallslega hraða og seinustu tvö ár.

Spá Greiningardeildar gerir ráð fyrir metvexti í ár, eða 27,5% fjölgun ferðamanna yfir árið í heild, 20% vexti árið 2016, en að svo hægi eilítið á vextinum.

Uppfærð spá okkar er talsvert brattari en seinasta spá deildarinnar, en fjölgun ferðamanna hefur verið talsvert umfram okkar spár að undanfögnu.

Fjöldi erlendra gesta um Keflavíkurflugvöll  
- árstölur og aukning



# ÓVISSUBIL SPÁRINNAR ER NOKKUÐ STÓRT


OG STÆKKAR VERULEGA EFTIR ÞVÍ SEM LÍÐUR Á SPÁTÍMANN

Töluverð óvissa ríkir um fjölda ferðamanna sem sækja landið heim í framtíðinni, enda er ekki fyllilega ljóst hver driffjöður hins öra vaxtar hefur verið hingað til.

Spá Greiningardeildar byggir að miklu leyti á komum ferðamanna í fortíð skv. talningu Ferðamálastofu. Spáin gerir ráð fyrir ákveðinni langtímaleitni og að áfram sé árstíðasveifla í komum ferðamanna.

Forsenda þess að spáin rætist er að sjálfsögðu að flugframboð til landsins aukist í takt, en áætlanir innlendu flugfélaganna gera ráð fyrir miklum vexti á næstu árum.

Fjöldi erlendra gesta um Leifsstöð




# VIÐ SPÁUM HLUTFALLSLEGA MEIRI FJÖLGUN UTAN SUMARSINS

ÞANNIG ÆTTI ÁRSTÍÐASVEIFLAN AÐ HALDA ÁFRAM AÐ MINNKA

Spá okkar gerir ráð fyrir að hlutfallsleg fjölgun ferðamanna verði mest utan sumarmánaðanna, enda erum við enn víða að nálgast þölmörk á sumrin, s.s. hvað varðar nýtingu hótélherbergja víða um land.

Vetrarferðamennska er sífellt að aukast í vinsældum og með henni eykst framboð á afþreyingu á þeim árstíma, sem ætti að styðja við áframhaldandi sterkan vöxt á veturna.

Fjöldun erlendra gesta um Leifsstöð  
- hlutfallsleg fjölgun eftir ársfjórðungum



# ÍSLENSK NÁTTÚRA ER STERKASTA AÐDRÁTTARAFLIÐ



ÍSLENSK NÁTTÚRA HEFUR MIKIL ÁHRIF Á ÁKVÖRÐUN UM AÐ KOMA TIL ÍSLANDS FYRIR 80% FERÐAMANNA

Langflestir ferðamenn vitna í íslenska náttúru sem veigamikla ástæðu fyrir komu sinni til landsins, eða um 80% svarenda.

Þar á eftir eru það menning og saga landsins sem laða ferðamenn að, en 40% ferðamanna segja þá þætti hafa haft mikil áhrif á ákvörðun sína um að ferðast til Íslands.

Flugfélögin fylgja með aðlaðandi tilboð og möguleika á viðkomu á Íslandi, en 14-17% segja þá þætti hafa haft mikil áhrif.

Hvað hafði mikil áhrif á ákvörðun þína um að ferðast til Íslands  
-sumar 2014



# NÁTTÚRAN ORÐIN VEIGAMEIRI ÞÁTTUR FYRIR VETRARFERÐAMENN


EN HÚN HEFUR ÞÓ LENGI VERIÐ HELSTA ÁSTÆÐA KOMU ERLENDRA FERÐAMANNA TIL LANDSINS

Íslensk náttúra hefur lengi verið sterkasta aðdráttaraflíð fyrir erlenda ferðamenn á hvaða árstíma sem er.

Markverð þróun seinustu ár er þó sú að vægi náttúrunnar fyrir vetrarferðamenn hefur aukist sjáanlega.

Þar spilar að líkindum inn í aukið framboð vetrarferða utan höfuðborgarsvæðisins s.s. úrval norðurljósa- og jöklaferða.

Náttúran hafði mikil áhrif á ákvörðun



# NETIÐ AUÐVELDAR FERÐAMÖNNUM ÁKVÖRÐUNINA

80% FERÐAMANNA TELJA NETIÐ Hafa Haft Mikil Áhrif Á Ákvörðun Sína Um að Koma Til Landsins


Sama spurning var lögð fyrir ferðalanga en með öðrum svarmöguleikum sem snúa frekar að því hvernig ferðamennirnir fræddust um Ísland.

Internetið virðist vera besta auglýsingin fyrir mögulega Íslandsfara en 80% ferðamanna segja netið hafa haft mikil áhrif á ákvörðun um að heimsækja Ísland.

Þar á eftir eru vinir/ættingjar, sem höfðu mikil áhrif á ákvörðunina fyrir 40% ferðamanna.

Í þriðja sæti eru bæklingar/handbækur, sem 34% ferðamanna segja hafa haft mikið um ákvörðunina að segja.

Hvað hafði mikil áhrif á ákvörðun þína um að ferðast til Íslands  
-sumar 2014



# VÆGI INTERNETSINS HEFUR AUKIST STÓRLEGA SEINUSTU 20 ÁR


HAFÐI MIKIL ÁHRIF FYRIR 15% FERÐAMANNA VETURINN '96 -'97, EN 80% FERÐAMANNA SUMARIÐ 2014

Sífelld fleiri ferðamenn telja internetið hafa haft mikil áhrif á ákvörðun sína um að heimsækja landið.

Fyrir tæpum 20 árum töldu u.þ.b. einn af hverjum sjö ferðamönnum netið mikilvægan þátt, en sumarið 2014 voru það fjórir af hverjum fimm.

Því má hæglega leiða að því líkur að stóraukin netnotkun og útbreiðsla samfélagsmiðla hafi átt stóran þátt í því að auka vitund erlendra ferðamanna um tilvist og eiginleika Íslands sem ferðamannalands.

Netið hafði mikil áhrif á ákvörðun





ER ÞOLMÖRKUM  
NÁÐ?

---

 Arion banki




# FJÖLGUN FERÐAMANNA HEFUR ÍTREKAÐ VERIÐ VANSPÁÐ

EN VANFJÁRFESTING GETUR VERIÐ JAFN KOSTNAÐARSÖM OG OFFJÁRFESTING

Síðustu ár hefur fjölgun ferðamanna ítrekað verið vanspáð. Um mitt ár 2013 spáði Greiningardeild Arion banka tæplega 900 þúsund erlendum ferðamönnum árið 2015 og Boston Consulting Group (BCG) var á svipuðu róli. Raunar spáði BCG að væntur fjöldi ferðamanna í ár, (1,24 milljónir) myndi nást árið 2023.

Í fyrra spáðum við 22,6% fjölgun 2014 og 13,7% fjölgun í ár – raunin varð 23,1% fjölgun árið 2014 og að líkindum um 27% í ár.


Spár hafa vanmetið fjölgun ferðamanna



# KEFLAVÍKUR- FLUGVÖLLUR

---

 Arion banki



# KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR MUN STÆKKA Á NÆSTU ÁRUM

SVOKALLAÐ „MASTERPLAN“ TIL ÁRSINS 2040 ER Í ÞRÓUN HJÁ KEFLAVÍKURFLUGVELLI

Fjölgun farþega hefur verið talsvert umfram áætlanir að undanfögnu. Verið er að vinna að þróunaráætlun Keflavíkurflugvallar til næstu 25 ára og gert er ráð fyrir að fullmótaðri áætlun bráðlega.

Áætlað er að stækka flugstöðina til norðurs og að ný norður-suður flugbraut verði lögð vestan við flugvöllinn.

Skv. Isavia er vandamálið sem stendur þó ekki stærð flugstöðvarinnar þar sem enn séu ónýttir flugtímar á flugvöllinum. Aftur á móti eru íslensku flugfélögin ósammála því þar sem millilendingar á Íslandi í flugi yfir Atlantshafið er lykillinn í þeirra viðskiptamódeli og gæti haldið aftur af vexti.



# HELSTU FRAMKVÆMDIR Á KEFLAVÍKURFLUGVELLI

ISAVIA TELUR ENN VERA RÝMI FYRIR AUKNA UMFERÐ Á VANNÝTTUM TÍMUM EN HYGUR SAMT SEM ÁÐUR Á MIKLAR FRAMKVÆMDIR Á NÆSTU ÁRUM

## Nýlegar framkvæmdir

- Suðurbygging lengd til austurs
- Hlaðkerfi fyrir utan flugstöð bætt
- Flugvélastæðum bætt við
- Verslunarsvæði endurbætt

## Fyrirhugaðar framkvæmdir á næstunni

- Flugstöðin stækkuð um 8.700 fermetra
  - Þar af 5.000 fermetra viðbygging til suðurs fyrir farþega sem eru að fljúga til og frá landa utan Schengen (áætluð verklok í mars 2016)
  - Einnig 3.000 fermetra viðbygging til vesturs
  - Sem og stækkun á komusal til austurs um 700 fermetra
- Stækkun farangurslokunarkerfis og farangursmóttöku

Mun masterplanið  
duga til að taka á móti  
tveimur milljónum  
ferðamanna árið  
2018?



# HLUTVERK HINS OPINBERA

Er ferðarþjónustan  
Öskubuskan á ballinu?

 Arion banki

# BEINT FRAMLAG RÍKISINS TIL FERÐAÞJÓNUSTU HEFUR EKKI AUKIST MIKIÐ


FJÁRFESTING OG ÚTGJÖLD RÍKISSJÓÐS TIL LIÐARINS „FERÐAÞJÓNUSTA“ VORU 1.125 M.KR. ÁRIÐ 2014

Fjárfesting ríkissjóðs í efnahags- og atvinnumálum nam 15.099 m.kr. árið 2014. Þar af var fjárfesting í ferðaþjónustu 25 m.kr. eða 0,17%.


Útgjöld ríkissjóðs til efnahags- og atvinnamála voru 108.091 m.kr. árið 2014. Þar af námu útgjöld til ferðaþjónustu 1.138 m.kr. eða 1,05%.

Vert er þó að athuga að liðurinn „ferðaþjónusta“ er þröngt skilgreindur hér eins og í þjóðhagsreikningum og gefur því ekki góða heildarmynd af útgjöldum ríkisins til málaflokka sem þjóna ferðamannaíðnaðinum.

Fjárfesting ríkissjóðs  
-sem hlutfall af fjárfestingu ríkissjóðs  
í efnahags- og atvinnumálum



Útgjöld ríkissjóðs  
-sem hlutfall af útgjöldum ríkissjóðs  
til efnahags- og atvinnamála




# FRAMLÖG TIL SAMGÖNGUMÁLA Hafa ekki aukist hlutfallslega

Þrátt fyrir stóraukinn fjölda ferðamanna á seinustu árum og væntingar um frekari fjölgun


Óhætt er að fullyrða að útgjöld til samgöngumála gagnist aðilum í ferðaþjónustu á einn eða annan hátt og því er athyglisvert að skoða þann lið í þessu samhengi.

Ekki er að sjá að útgjöld til samgöngumála hafi aukist hlutfallslega á seinustu árum á sama tíma og fjöldi ferðamanna hefur stóraukist, en vegasamgöngur eru stærsti útgjaldaliður ríkissjóðs í flokknum efnahags- og atvinnumál á eftir landbúnaði.

Fjárfesting ríkissjóðs í samgöngum  
-sem hlutfall af fjárfestingu ríkissjóðs í efnahags- og atvinnumálum



Útgjöld ríkissjóðs til samgöngumála  
-sem hlutfall af fjárfestingu ríkissjóðs í efnahags- og atvinnumálum



# ÚTHLUTANIR ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI FERÐAMANNASTAÐA AUKAST


446 STYRKIR VEITTIR FYRIR TÆPLEGA 2 MILLJARÐA Á SEINUSTU FJÓRUM ÁRUM

Framkvæmdasjóður ferðamannastaða, sem er í vörslu Ferðamálastofu, tók til starfa í ágúst 2011. Síðan þá hefur 446 styrkjum verið úthlutað að heildarfjárhæð 1.917 milljónum króna.

„Markmið og hlutverk sjóðsins er að standa að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða sem eru í opinberri eigu eða umsjón um land allt.“

Enn liggur talsvert af þessu fjármagni óhreyft sökum ýmissa erfiðleika við framkvæmdir, en fjármagn virðist ekki vera helsta vandamálið. Þetta stendur þó til bóta.

Styrkjum úthlutað úr framkvæmdasjóði ferðamannastaða  
-milljónir króna





# 850 MILLJÓNUM VEITT Í BRÝNA UPPBYGGINGU ÁRIÐ 2015


RÚMLEGA 300 MILLJÓNIR FARA TIL SKAFTAFELLS OG ÞINGVALLA

Í maí 2015 var 850 milljónum úthlutað sérstaklega til brýna verkefna sem ráðast átti í nú í ár. Vinna ku vera hafin við flest þessara verkefna, en erfitt getur verið að ráðast í framkvæmdir yfir sumarmánuðina sökum mikillar umferðar á ferðamannastöðum.


Mest fór til Skaftafells (160 m.kr.) og Þingvalla (156,5 m.kr.).

Þar á eftir fengu Geysir í Haukadal (50 m.kr.), Dimmuborgir (38,5 m.kr.), Dynjandi (34,5 m.kr.) og Gullfoss (34 m.kr.) mest.

Verkefni Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða  
-úthlutun í maí 2015, milljónir króna



# UPPBYGGINGIN Á SÉR STAÐ UM ALLT LAND





## VINNUMARKAÐURINN

Ljóst er að við munum þurfa að  
flytja inn talsvert af vinnuafli

 Arion banki



# ÁFRAMHALDANDI FJÖLGUN STARFA Í FERÐAÞJÓNUSTU

## VÖXTUR FERÐAÞJÓNUSTUNNAR KALLAR Á INNFLUTNING STARFA

Fjöldamörg störf hafa skapast vegna ferðaþjónustu síðustu árin og ef spá okkar um fjölda ferðamanna rætist má sjá að þar verður ekkert lát á.

Við spáum því að beinum störfum í ferðaþjónustu fjölgi um 6.500 fram til ársins 2018 en að í heildina verði ný störf í greininni um 10.000.

Spá um mannfjölda á vinnualdri gerir aðeins ráð að 8.000 manna fjölgun. Því eru líkur á að flytja þurfi inn þúsundir starfa fyrir ferðaþjónustu næstu árin.



# VÍSBENDINGAR UM SKORT Á STARFSFÓLKI TENGDU FERÐAÞJÓNUSTU


## BARIST UM STARFSFÓLK Í SUMUM STÉTTUM

Víða er, eða verður bráðlega, skortur á reyndu og/eða menntuðu starfsfólki í ferðaþjónustu.

Aðsókn í leiðsögu- og ferðamálanám fylgdi fjölgun ferðamanna að nokkru leyti fram til ársins 2013, en aðsókn í aðrar greinar hefur ekki aukist jafnmikið.

Fyrir utan þetta var ferðamálafræði einungis 15. vinsælasta háskólagreinin árið 2013. Þá hefur aðsókn í erlend tungumál ekki tekið sérstaklega við sér miðað við aðrar atvinnugreinar. Nemendum fjölgaði í ensku (+31%) og þýsku (+36%) en fækkaði í spænsku (-24%) og frönsku (-8%) á árunum 2008-2013.

Fjöldi ferðamanna og nemendur í greinum tengdum ferðaþjónustu 1997-2013  
- bæði á háskóla og framhaldsskólastigi



# FJÖLGUN Í MATREIÐSLU – EKKI FRAMREIÐSLU


## MIKILL SKORTUR Á FÓLKI MEÐ SLÍKA MENNTUN

Skv. upplýsingum frá Menntaskólanum í Kópavogi hefur aðsókn þar aukist nokkuð undanfarið í þessum greinum en þó sé unnt að taka við tvöfalt fleiri nemendum í framreiðslu.


Aukningin gæti hugsanlega orðið meiri bráðlega, ekki síst því nýlega fékk Verkmenntaskólinn á Akureyri heimild til að kenna mat- og framleiðslu.

Ekki virðist hafa orðið fjölgun nemenda á Hótel- og þjónustubraut, þrátt fyrir fjölgun hótela. Einnig virðist sem hluti nemenda haldi erlendis að námi loknu.

Brautskráðir nemendur úr MK



Fjöldi nemenda á landinu öllu




# AUKINN ÁHUGI Á LEIÐSÖGN EN SÍÐUR Í FERÐAFRÆÐI

ÞARF AÐ MENNTA FLEIRA FAGFÓLK?

Innan Menntaskólans í Kópavogi eru starfræktir annars vegar Leiðsöguskólinn og hins vegar Ferðamálastólinn. Ásóknin í Leiðsöguskólann hefur aukist ár frá ári undanfarið og eru umsóknir nú um 100 á ári og því ljóst að komið er mjög nálægt þolmörkum þess sem skólinn getur tekið við.

Í Ferðamálastólunum hefur áhugi ekki aukist í sama mæli. Að sögn fagstjóra hefði mátt búast við meiri aðsókn. Spyrja má hvort laun séu ekki að þróa í takt við aukna eftirspurn.

Ferðamála- og Leiðsöguskólarnir í Kópavogi




# MENNTUN Í FERÐAÞJÓNUSTU ER FJÖLBREYTT

## EKKI EINUNGIS HEFÐBUNDIÐ IÐN- OG HÁSKÓLANÁM

Fyrir utan hina hefðbundnu menntun virðist vera talsverð gróska í ýmiss konar þjálfun og námskeiðum sem tengjast ferðaþjónustu. Ýmiss konar námskeið og þjálfun er í boði og þar ber einna hæst færni í ferðaþjónustu en rúmlega 900 manns hafa lokið námi því tengt.

Þá hefur raunfærnimat tengt ferðaþjónustu færst í aukana og sjá má að 342 manns hafa lokið raunfærnimati í greinum sem tengjast ferðaþjónustu. Tilgangur þess er að meta raunverulega hæfni sem hefur ekki fengist með formlegri prófgráðu.

Nemendur í Færni í ferðaþjónustu I og II hjá Mími



Raunfærnimat	Fjöldi sem lokið hefur
Aðstoðarþjónn	9
Framreiðsla	62
Hestabraut	17
Matartækni	178
Matreiðsla	76
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>342</b>

Námskeið tengt ferðaþjónustu	Fjöldi sem lokið hefur
Færni í ferðaþjónustu I	572
Færni í ferðaþjónustu II	318
Fiskur og ferðaþjónusta	21
Laugar, lindir og böð	18
<b>Heildarfjöldi</b>	<b>929</b>





## HÓTELMARKAÐURINN

Herbergjaframboð og nýting halda  
áfram að aukast víðast hvar á landinu



 Arion banki

# NÝTING HÓTELHERBERGJA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU Í 84% ÁRIÐ 2014

EN VIRÐIST VERA AÐ MINNKA LÍTILLEGA ÞAÐ SEM AF ER ÁRI

Framboð hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu jókst um 21% á árabílinu 2009-2014 og á sama tímabili jókst nýtingin úr 58% í 84%. Á sama tíma fjölgaði ferðamönnum til landsins um 109%.

Nýting hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu hefur haldið áfram að aukast ár frá ári og árstíðasveiflan hefur minnkað sjáanlega. Þó virðist sem nýtingin sé að minnka lítillega það sem af er ári frá því í fyrra, enda hefur fjöldi nýrra hótélherbergja verið tekinn í notkun á tímabilinu.




# NÝTING Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU ER NÚ EIN SÚ MESTA Í EVRÓPU

NÝTING HÓTELHERBERGJA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU VAR MEIRI EN Í LONDON OG PARÍS ÁRIÐ 2014

Höfuðborgarsvæðið vermdi fimmta sætið á lista yfir nýtingu hótélherbergja árið 2013.

Árið 2014 var höfuðborgarsvæðið hástökkvari Evrópu-borga og tróndi þá á toppnum með 84% nýtingu að jafnaði yfir árið. Nýting hótélherbergja á öllu höfuðborgarsvæðinu er nú betri en í heimsfrægum ferðamannaborgum eins og London og París.

Nýting hótélherbergja í völdum evrópskum borgum 2014



# MEÐALVERÐ GISTINGAR (ADR) 24 HÓTELA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU


MEÐALVERÐ GISTINGAR JÓKST LÍTILLEGA Á SEINASTA ÁRI FRÁ ÁRINU ÁÐUR, EN ER AÐ AUKAST MEIRA 2015

Meðalverð gistingar jókst um 2% milli ára 2013-2014 en jókst um 10% árið þar á undan.


Frá 2010-2014 hefur meðalverð gistingar á hótelnunum í úrtakinu aukist um tæplega 28%.

Til júlímánaðar á þessu ári hefur meðalverð gistingar í úrtakinu þó hækkað um 12% í krónum talið m.v. 2014 á verðlagi hvors árs.

Meðalverð gistingar (ADR) á höfuðborgarsvæðinu -þús.kr.



Meðalverð gistingar (ADR) á höfuðborgarsvæðinu -þús.kr.



# MEÐALVERÐ (ADR) UNDIR MEÐALLAGI M.V. EVRÓPSKAR BORGIR


HAFA SKAL Í HUGA AÐ ENGIN FIMM STJÖRNU HÓTEL ERU Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

Hvað meðalverð gistingar varðar þá er höfuðborgarsvæðið á mjög svipuðum stað á listanum milli ára, á milli Brussel, Edinborgar og Vínar.

Meðalverð gistingar á höfuðborgarsvæðinu, hækkaði um 2% milli ára í krónum talið, en um 6% í evrum.

Hér er ekki leiðrétt fyrir gæði hótela og mikilvægt að hafa í huga að engin fimm stjörnu hótél eru á Íslandi.

Meðalverð gistingar í völdum evrópskum borgum 2014  
-EUR




# HERBERGISTEKJUR (REVPAR) 24 HÓTELA Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

HERBERGISTEKJUR JUKUST ÞÓ NOKKUÐ MILLI 2013-2014 ÞÖKK SÉ TALSVERÐUM BATA Í NÝTINGU


Þrátt fyrir að meðalverð gistingar í úrtakinu hafi aðeins aukist um 2% milli ára 2013 og 2014 jukust herbergistekjur um 10%. Munurinn skýrist af betri nýtingu herbergja milli ára.

Það sem af er ári hafa herbergistekjur hótela í úrtakinu aukist um 16% milli ára á verðlagi hvors árs.

Herbergistekjur (RevPAR) á höfuðborgarsvæðinu -þús.kr.



Herbergistekjur (RevPAR) á höfuðborgarsvæðinu -í íslenskum krónum




# HERBERGISTEKJUR (REVPAR) ERU Í MEÐALLAGI EN HAFA AUKIST

## TEKJUR AUKAST SAMHLIÐA BETRI NÝTINGU

Höfuðborgarsvæðið fer úr 13. sæti á þessum lista árið 2013 í hið 9. árið 2014 þar sem meðaltekjur á hvert herbergi í úrtakinu aukast um 11 evrur milli ára á verðlagi hvors árs.

Þrátt fyrir að meðalverð herbergja hafi aukist lítið á tímabilinu hefur tekist að ná fram meiri tekjum á hvert herbergi með talsverðum bata í nýtingu.

Tekjur á hvert herbergi í völdum evrópskum borgum 2014  
-EUR




# VERÐ GISTINGAR OG GISTIÞJÓNUSTU HEFUR HÆKKAÐ VERULEGA

Frá árinu 2009 hefur almennt verðlag hækkað um u.þ.b. 29%.

Á sama tíma hefur verið á gistingu aukist um 48% og verð á þjónustu hótela og gistiheimila hefur hækkað um 65%.

Miklar sveiflur eru í verði gistingar milli árstíða en með aukinni nýtingu utan háannar, sérstaklega á SV-landi, verður athyglisvert að sjá hvort sú sveifla muni minnka.






# 50% FJÖLGUN HÓTELHERBERGJA ÁÆTLUÐ Í HÖFUÐBORGinni TIL 2018

STÆRSTU VERKEFNIN ERU MARRIOTT HÓTELID VIÐ HÖRPU OG LÍKLEGT HÓTEL Á HLÍÐARENDA

	Herbergi
Marriott Edition Reykjavík	250
Hlíðarendi	250
Icelandair Parliament	160
Centerhotel Midgard	150
Hilton Canopy	115
Grand Hótel	100
Lækjargata	100
Skuggi Hotel	100
Storm Hotel	88
Hótel Klettur	80
Icelandair Hafnarstræti	70
Icelandair Marina viðbygging	60
Laugavegur 34-36	60
Vegamótastígur 7-9	40
Ármúli 5	40
Oddsson ho(s)tel	
Total	1663




# FJÖLGUN UM TÆPLEGA 1.700 HERBERGI Á FJÓRUM TIL FIMM ÁRUM

HERBERGJUM HEFUR ÞEGAR FJÖLGAÐ ÞÓ NOKKUÐ Á ÞESSU ÁRI

Gert er ráð fyrir að hótélherbergjum í Reykjavík muni fjölga um u.þ.b. 1.700 á næstu fjórum til fimm árum, gangi áætlanir eftir. Þar eru undanskilin herbergi sem hafa þegar opnað á þessu ári s.s. í nýju Fosshóтели við Höfðatorg.

Stærstu einstöku verkefni munu líklega klárast á seinni hluta tímabilsins. Þar má nefna hótél á Hörpureitnum undir merkjum Marriott hótélkeðjunnar og fyrirhugað hótél á Hlíðarenda.

Áætlun um framboð hótélherbergja á höfuðborgarsvæðinu





## FRAMBOÐ OG NÝTING UTAN HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS



 Arion banki

# SUÐURNES

## FRAMBOÐ OG NÝTING AÐ AUKAST TALSVERT MILLI ÁRA, NÝTING 2015 AÐ AUKAST ÞÓ NOKKUÐ

Hótelherbergjum á Suðurnesjum fjölgaði um 36% milli ára 2010 og 2014 en nýting jókst úr 41% í 59% á sama tímabili.

Nýting á árinu 2015 heldur áfram að aukast frá fyrra ári.





# SUÐURLAND

FRAMBOÐ JÓKST UM 48% MILLI ÁRA EN NÝTING JÓKST SAMT SEM ÁÐUR, NÝTING AÐ AUKAST 2015

Framboð hótélherbergja á Suðurlandi jókst um 76% á árunum 2010-2014 og um 48% einungis milli áranna 2013 og 2014.

Þrátt fyrir það hefur nýting aukist úr 37% í 44%.

Nýting hefur aukist alla mánuði ársins 2015 samanborið við 2014.





# VESTURLAND OG VESTFIRÐIR

## FRAMBOÐ EYKST LÍTILLEGA MILLI ÁRA OG NÝTING SÖMULEIÐIS

Á milli áranna 2010 og 2014 jókst framboð hótélherbergja á Vesturlandi og Vestfjörðum um 37%.

Á sama tíma jókst nýting úr 29% í 42%.

Nýting heldur áfram að aukast á þessu ári en enn er talsverð árstíðasveifla í hótelnýtingu á þessu svæði.





# NORÐURLAND

## HÓTELHERBERGJUM HEFUR FÆKKAÐ Á NORÐURLANDI EN BREYTING GÆTI ORÐIÐ ÞAR Á

Á árabílinu 2010-2014 fækkaði hótélherbergjum á Norðurlandi um 2%. Á milli ára 2012 og 2014 nemur fækkunin þó 17%.

Nýting virðist standa nokkurn veginn í stað milli ára 2014 og 2015, en líkur eru á að hótélherbergjum fjölgi á þessu svæði á næstunni vegna fjölda nýrra verkefna, t.a.m. í Mývatnssveit og Siglufirði.





# AUSTURLAND

## HÓTELHERBERGJUM FÆKKAR Á AUSTURLANDI, NÝTING MINNKAR SAMT SEM ÁÐUR

Frá 2010 til 2014 fjölgaði hótélherbergjum á Austurlandi um 6%, en aftur á móti fækkaði þeim um 17% milli ára 2012 og 2014.

Nýting hótélherbergja á Austurlandi stóð í 35% árið 2014 og er að minnka milli ára.

Árstíðasveiflan er mest á þessu svæði af öllu landinu og því er rekstrargrundvöllur heilsárshótelna e.t.v. hvað erfiðastur á Austurlandi. Þar sem heildargistináttum á svæðinu hefur samt sem áður fjölgað talsvert má áætla að annars konar gisting hafi tekið við af hótélgistingu á þessu svæði, s.s. bændagisting.





# FLEST HÓTELHERBERGI OG BESTA NÝTINGIN Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU

FLEIRI HÓTELHERBERGI Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU EN ANNARS STAÐAR Á LANDINU SAMANLAGT


Eftir sem áður eru langflest hótélherbergi staðsett á höfuðborgarsvæðinu, fleiri en alls staðar annars staðar á landinu samanlagt.

Þar er árstíðasveiflan einnig mun minni en á landsbyggðinni og nýting því talsvert meiri.

Segja má að hótélmarkaðurinn í Reykjavík sé við þolmörk og því sé nauðsynlegt að fjölga hótélherbergjum þar enn frekar.

Áskorun hótélgeirans á landsbyggðinni snýr enn að því að minnka árstíðasveifluna frekar svo rekstrargrundvöllur heilsárshótela sé til staðar.

Framboð hótélherbergja  
-þar af í nýtingu að jafnaði




# FJÖLDI GISTINÁTTA Á ÖLLUM TEGUNDUM GISTISTAÐA TVÖFALDAÐIST FRÁ 2010-2014

GISTINÁTTUM FJÖLGAÐI MEST Á SUÐURNESJUM EN MINNST Á AUSTURLANDI

Hótelgeirinn segir ekki alla söguna þegar kemur að gistiþjónustu. Þó að ekki sé fýsilegt að reka heilsárshótel alls staðar á landinu þrífst annars konar gistirekstur e.t.v. við slíkt umhverfi.

Þar má nefna íbúðagistingu, farfuglaheimili, orlofshús, tjaldsvæði, bændagistingu o.fl.

Á árunum 2010-2014 fjölgaði gistináttum útlendinga á öllum tegundum gististaða hlutfallslega mest á Suðurnesjum (160%), en minnst á Austurlandi (88%).



## TENGLIÐIR

---

ANNA HREFNA INGIMUNDARDÓTTIR

+354 444 6997/ +354 856 6997

ANNA.INGIMUNDARDOTTIR@ARIONBANKI.IS

KONRÁÐ S. GUÐJÓNSSON

+354 444 6991/ +354 856 6991

KONRAD.GUDJONSSON@ARIONBANKI.IS

**Forstöðumaður Greiningardeildar**

STEFÁN BRODDI GUÐJÓNSSON

+354 444 6959 / +354 856 6959

STEFAN.GUDJONSSON@ARIONBANKI.IS

## FYRIRVARI

---

- Kynning þessi er eingöngu ætluð til upplýsinga og er ekki ætluð sem grundvöllur fyrir ákvörðunum móttakanda. Upplýsingar sem fram koma í þessari kynningu fela ekki í sér loforð eða spá um framtíðina. Bankanum ber ekki skylda til að útvega móttakanda aðgang að frekari upplýsingum en þeim sem fram koma í kynningu þessari, eða til að uppfæra þær upplýsingar sem þar koma fram. Bankanum ber ekki skylda til að leiðrétta upplýsingar, reynist þær rangar.
- Upplýsingar um bankann, dótturfélög og hlutdeildarfélög hafa ekki verið staðfestar. Kynning þessi felur ekki í sér tæmandi upplýsingar um bankann, dótturfélög eða hlutdeildarfélög hans.
- Upplýsingar sem fram koma í kynningu þessari eru byggðar á fyrirliggjandi upplýsingum, áætlunum um væntanlega þróun ytri skilyrða o.fl. Eru upplýsingarnar háðar ýmsum óvissuþáttum og geta þær breyst án fyrirvara.
- Bankinn, þ.m.t. hluthafar, stjórnendur, starfsmenn og ráðgjafar þeirra, taka enga ábyrgð á þeim upplýsingum, forsendum og niðurstöðum sem fram koma í kynningunni eða upplýsingum sem eru veittar í tengslum við hana. Munu framangreindir aðilar ekki gefa yfirlýsingar um að upplýsingarnar, forsendurnar og niðurstöðurnar séu nákvæmar, áreiðanlegar eða fullnægjandi og þeir skulu ekki bera skaðabótaábyrgð á tjóni sem rekja má til þess að þær reynist ónákvæmar, óáreiðanlegar eða ófullnægjandi.
- Móttaka þessarar kynningar skal ekki talin fela í sér fjárfestingarráðgjöf af hálfu bankans.
- Með móttöku þessarar kynningar fellst móttakandi á framangreindan ábyrgðarfyrirvara.

